

## FUNDARGERÐ HEILBRIGÐISNEFNDAR NORÐURLANDS VESTRA

Fundur í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra haldinn 29. september 2021 kl. 12:00 í húsnæði Heilbrigðiseftirlitsins að Sæmundargötu 1, 550 Sauðárkróki og í fjarfundi.

Fundinn sátu:

Lee Ann Maginnis, Ína Björk Ársælsdóttir Margrét Eva Ásgeirsdóttir, Guðný Helga Kristjánsdóttir, Haraldur Þór Jóhannsson og Sigurjón Þórðarson framkvæmdastjóri á fundarstað að Sæmundargötu 1 og á fjarfundi var Nanna Árnadóttir.

Dagskrá:

1. Norlandia – Minnisblað framkvæmdastjóra.
2. Bensínlekar og mengunarvarnir bensínstöðva.
3. Mál til kynningar
  - a) Mál UST;
  - b) Matvæli;
  - c) Skipulagsmál
  - d) Umsagnir til sýslumanna;.
  - e) Annað;
4. Starfsleyfi
5. Önnur mál

**Afgreiðslur:**

### **1. Málefni Norlandia**

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað um málefni Norlandia. Framkvæmdastjóra falið að senda minnisblaðið á bæjarstjóra Fjallabyggðar og til birtingar á heimasíðu HNV.

### **2. Bensínlekar og mengunarvarnir bensínstöðva**

Framkvæmdastjóri kynnti málið. Framkvæmdastjóri fundaði með sveitarfélaginu Skagafirði ásamt Umhverfisstofnun um stöðuna á Hofsósi, framkvæmdastjóri og formaður nefndarinnar funduðu einnig með Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun mun halda fund með íbúum á Hofsósi á föstudaginn ásamt fulltrúum sveitarfélagsins ásamt fulltrúum frá heilbrigðisnefnd.

### 3. Mál til kynningar

- a) Mál UST; Öggur fiskeldi.
- b) Matvæli; Eftirlit með smáframleiðendum, fundur vegna förgunar úrgangs frá minni sláturhúsum, innflutningur á Coco Puffs, innköllun á taðreyktum silungi, innköllun á kanil, innköllun á ostaslaufum vegna ofnæmisvalda, innköllun á hindberjasafa vegna merkinga.
- c) Skipulagsmál, Melar Skagafirði, Skipulagsstofnun vegna Steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki.
- d) Umsagnir til sýslumanna; Herring House, tækifærisleyfi Hornbrekku.
- e) Annað; Frestun beitingu þvingunarúrræðs vegna meðferðar máls, útblástur frá reykofnum, undanþága frá ákvæðum tóbaksvarnarlaga v. Hlíðarkaupa, kynning á verkefni vegna rotþróa.

### 4. Starfsleyfi

#### Mál 1689

Isonica ehf., kt. 540621-0710, til að pakka grænmeti, auk skyldrar starfsemi, sbr. lög um matvæli nr. 93/1995 og lög nr. 7/1998 eins og við á, að 551 Hólum í Hjaltadal.

Ábyrgðamaður er Amber Christina Monroe.

*Samþykkt til 29.9. 2033*

#### Mál 1690

Fótaaðgerða- og snyrtistofan Táin, kt. 080866-2919, vegna reksturs fótaaðgerða og snyrtistofu, að Skagfirðingabraut 6, Heilbrigðisstofnun Norðurlands Sauðárkróki og Varmahlíð. Ábyrgðamaður er Hjördís Anna Helgadóttir.

*Samþykkt til 29.9. 2033*

#### Mál 1691

Harbour ehf. kt. 661118-1990 v. matsölu ofl. í Félagsheimilinu Fellsborg, 545, Hólabraut 545 Skagaströnd. Ábyrgðamaður er Hafsdís Ásgeirsdóttir.

*Samþykkt til 27.9.2033*

**Mál 1692**

1096 ehf. kt. 570521-1520, vegna reksturs gististaðarins Herring House, að Hlíðarvegi 1, 580 Siglufjörður. Ábyrgðamaður er Helga H. Þórarinsdóttir

*Samþykkt til 27.9.2033*

**Mál 1693**

Röff Töff ehf. 520521-0110, vegna reksturs hársnyrtistofu og heilsulindar, að Hólavegi 16 550 Sauðárkróki. Ábyrgðamenn eru Jónína Róbertsdóttir og Eyþór Fannar Svansson.

*Samþykkt til 27.9.2033*

**Fundi slitið kl. 13:00**

Fundargerð upplesin og samþykkt

---

Ína Björk Ársælsdóttir

---

Haraldur Þór Jóhannesson

---

Lee Ann Maginnis

---

Nanna Árnadóttir

---

Margrét Eva Ásgeirsdóttir

---

Sigurjón Þórðarson

---

Guðný Helga Kristjánsdóttir